



Alþýðusamband Íslands

BYGGJUM RÉttlÁTT  
ÞJÓDFÉLAG

### Tillaga miðstjórnar um breytingar á lögum ASÍ

Lagt er til að felld úr lögum ASÍ bráðabirgðaákvæði með 34. gr., svo hljóðandi

*„Þrátt fyrir ákvæði 34. gr. laga ASÍ skal eftirfarandi tilhögun gilda við álagningu árið 2009: Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 34.gr., um 7,4% almennt skatthlutfall, skal miða við 8,35%. Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 34. gr. um sérstakan skattafrádrátt, kr.3.650.000,- fyrir landsambönd og kr. 182.000,- til kr. 550.000,- fyrir landsfélög m.v. stærð þeirra, skal miða við kr. 5.500.000 fyrir landssambönd og kr. 275.000, 550.000 og 820.000 fyrir félög með beina aðild eftir stærð.Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 34. gr. um 5,7% lágmarksskatt skal miða við 6,1%.“*

#### Greinargerð

Ljóst er að mikill samdráttur hefur orðið á tekjum margra aðildarféлага ASÍ á árinu 2009 vegna efnahagshrunsins. Á sama tíma er skattkerfi ASÍ miðað við iðgjaldatekjur þeirra á síðasta ári, þegar hagvöxtur stóð í hámarki. Til að koma til móts við aðildarfélögin var við afgreiðslu miðstjórnar ASÍ á starfs- og fjárhagsáætlun fyrir árið 2009 var gert ráð fyrir því að flýta lækkun skatta aðildarsamtaka ASÍ um eitt ár. Af þeim ástæðum þarf að breyta lögum ASÍ og leggur miðstjórn til að það verði gert með því að fella úr lögum sambandsins bráðabirgðaákvæði með 34. gr. laga ASÍ sem gerir ráð fyrir því að lækkun skatta komi ekki fram að fullu fyrr en við álagningu í árslok 2010. Þar með mun við álagningu skatta til ASÍ þegar á þessu ári gilda lægri skatthlutfall en samkvæmt bráðabirgðaákvæðinu. Gera má ráð fyrir að þetta þýði um 20 milljón króna lægri skatttekjur til ASÍ en að óbreyttu. Þegar hefur verið tekið tillit til þessara breytinga í rekstri sambandsins á yfirstandandi ári.